

Reglur Kviku eignastýringar hf. um upplýsingar um viðskiptamenn

*Samþykkt í desember 2022
Ábyrgðaraðili: Regluvörður*

1. Inngangur

- 1.1. Reglur þessar eru settar af stjórn Kviku eignastýringu hf. (hér eftir einnig nefnt „KE“ eða „félagið“) í þeim tilgangi að tryggja vernd upplýsinga um viðskiptamenn félagsins.
- 1.2. Meðferð upplýsinga um viðskiptamenn skal vera í samræmi við góða viðskiptahætti og grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, sem koma m.a. fram í lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og í samræmi við þagnarskyldu félagsins samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Reglur þessar eru settar á grundvelli 19. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar gilda um öll svið félagsins og gilda jafnt um upplýsingar sem viðskiptamenn hafa veitt félaginu og upplýsingar sem félagið hefur aflað um viðskiptamenn sína.
- 2.2. Reglurnar gilda um vinnu allra starfsmanna, stjórnarmanna, endurskoðenda, verktaka og allra annarra, sem taka að sér verk í þágu félagsins.
- 2.3. Reglurnar ná til allra upplýsinga í vörslu félagsins sem varða viðskipta- og/eða einkamálefni viðskiptavina og falla undir skilgreiningar í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, óháð því á hvaða formi slíkar upplýsingar kunna að vera. Reglurnar gilda jafnframt um sérhverja rafræna og handvirka vinnslu upplýsinga um viðskiptamenn félagsins.

3. Varðveisla upplýsinga um einstaka viðskiptamenn

- 3.1. KE varðveitir upplýsingar sem viðskiptamenn hafa veitt félaginu við upphaf viðskipta. Sama á við um upplýsingar sem aflað hefur verið eftir að viðskipti hófust. Félagið varðveitir upplýsingarnar ýmist á rafrænu formi og/eða í pappírformi.
- 3.2. Ef upplýsingar um viðskiptamenn eru varðveittar á rafrænu formi skal félagið tryggja að upplýsingarnar séu geymdar á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við kröfur hverju sinni.
- 3.3. Ef upplýsingar um viðskiptamenn eru á pappírformi þá skulu þær varðveittar í skjalavörslu félagsins.

- 3.4. KE skal fara eftir reglum félagsins um *stjórnun upplýsingaöryggis* við varðveislu upplýsinga um einstaka viðskiptamenn, hvort sem upplýsingarnar eru varðveittar á rafrænu formi eða í pappírformi.
- 3.5. Þegar ekki er lengur notagildi í upplýsingum um viðskiptamenn sem eru persónugreinanlegar skal þeim eytt. Ef gagnið sem upplýsingarnar eru varðveittar í er talið hafa sögulegt gildi þá eru auðkennanlegar upplýsingar afmáðar en gagnið að öðru leyti varðveitt áfram hjá félaginu.
- 3.6. Þegar eyða skal upplýsingum um viðskiptamenn skal það gert með tryggum hætti, t.d. þannig að pappír skal sendur til eyðingar og rafrænum gögnum markvisst eytt.

4. *Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn*

- 4.1. Upplýsingar um viðskiptamenn KE eru aðgangsstýrðar. Starfsmenn félagsins skulu einungis hafa aðgang að þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem eru nauðsynlegar í tengslum við störf þeirra.
- 4.2. Yfirmenn skulu hafa aðgang að öllum upplýsingum sem undirmenn þeirra hafa aðgang að nema ef reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum takmarka aðgang að upplýsingum frekar en kveðið er á um í grein 4.1.
- 4.3. Regluvörður hefur eftirlit með aðgangsstýringu upplýsinga og skal sjá til þess að starfsmenn eða starfseiningar hafi einungis aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar í tengslum við starf þeirra.

5. *Miðlun upplýsinga*

- 5.1. Starfsmenn, auk stjórnarmanna, endurskoðenda og þeirra sem taka að sér verk í þágu KE eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeim áskotnast um viðskiptamenn, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaafyrirtæki. Þagnarskylda samkvæmt framangreindu helst þótt látið sé af starfi.
- 5.2. Þrátt fyrir grein 5.1. er starfsmönnum heimilt að veita upplýsingar um viðskiptamenn á grundvelli skýrrar lagaskyldu þar um, ef lögmæt beiðni kemur frá viðskiptamanninum sjálfum, eða opinberum aðilum, s.s. lögreglu, Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands eða öðru lögbæru yfirvaldi. Allar beiðnir um slíka afhendingu upplýsinga skal bera undir eða áframsenda til regluvarðar áður en upplýsingar eru sendar.
- 5.3. KE mun þrátt fyrir grein 5.1. miðla upplýsingum af eigin frumkvæði, sem tilkynningarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, falli upplýsingarnar undir ákvæði síðastnefndra laga. Í því felst m.a. að félaginu ber að tilkynna lögreglu ef grunur leikur á um að viðskiptamenn noti þjónustu félagsins til peningþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka. Tilkynningar miðast við lægsta stig gruns, þ.e. grunur þarf ekki að vera rökstuddur. Með sama hætti miðlar KE upplýsingum til opinberra aðila að eigin frumkvæði kveði lagaskylda á um slíka upplýsingagjöf.

6. *Upplýsingaréttur viðskiptamanna*

- 6.1. Viðskiptamenn eiga rétt á að fá afrit af gögnum sem innihalda upplýsingar er varða málefni þeirra hjá KE, enda standi lögmætir hagsmunir viðskiptamanns til þess. Óski viðskiptamaður eftir afriti af gögnum skal hann senda félaginu beiðni þess efnis þar sem fram kemur á skýran og afmarkaðan hátt hvaða gögnum er óskað eftir.

- 6.2. Beiðni um upplýsingar skv. grein 6.1. skal senda persónuverndarfulltrúa og regluverði. Persónuverndarfulltrúi eða regluvörður kunna að hafna beiðni viðskiptavinar ef afhending upplýsinganna er andstæð persónuverndarsjónarmiðum og/eða trúnaðarskyldu, skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 6.3. Þrátt fyrir rétt viðskiptamanna til að fá afrit af gögnum skv. grein 6.1. mun félagið, ekki afhenda upplýsingar um viðskiptamenn sem koma fram í vinnugögnum starfsmanna, s.s. tölvupóstum, minnisblöðum eða öðrum ónákvæmum gögnum.

7. Skráning á notkun upplýsinga

- 7.1. KE skráir notkun starfsmanna á upplýsingakerfum. Viðskiptamenn eiga kost á að óska eftir upplýsingum hvort starfsmenn félagsins hafi unnið með upplýsingar um málefni þeirra. Slík beiðni þarf að vera rökstudd og málefnaleg.
- 7.2. Viðskiptamenn eiga ekki rétt á að krefjast persónugreinanlegra upplýsinga um starfsmenn félagsins sem hafa unnið með eða skoðað upplýsingar um viðkomandi viðskiptamann. Við mat á því hvort og hvaða upplýsingum um vinnslu viðskiptamannaupplýsinga verður miðlað til viðskiptamanna, skulu sjónarmið laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 höfð til hliðsjónar, sem og ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002.

- 7.3. Beiðni um upplýsingar samkvæmt grein 6.1. skal senda regluverði.

8. Eftirlit

- 8.1. Innri endurskoðun hefur eftirlit með reglum þessum og skal gera reglulegar úttektir á notkun starfsmanna á upplýsingakerfum.

9. Birting og gildistaka

- 9.1. Reglur þessar öðlast gildi að fenginni undirritun stjórnar og um leið falla úr gildi eldri reglur um sama efni.
- 9.2. Reglur þessar eru aðgengilegar viðskiptamönnum á heimasíðu félagsins, www.kvikaegnistyring.is.

Þannig samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 15 desember 2022